

# Leiðbeiningar um flokkun úrgangs

Skilað á móttökustað eða í móttökugáma

## Pappír, Sléttur pappi og Bylgjupappi:

Í þennan flokk á að fara: Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír, minnismiðar, bækur, umslög, umbúðir úr pappa, pappahólkar, pizzakassar, kassar með bylgjaðar brúnir (bylgjupappi) og annar glanspappír, prentpappír, morgunkornspakkar, eggjabakkar og fernur eða sambærilegar umbúðir án matarleifa. **Ekki handburður og eldhúspappír.** Mikilvægt er að fjarlægja plastumbúðir og annað úr pappakössum utan af raftækjum og fleiru.

## Plast

Í þennan flokk á að fara: Allar plastumbúðir bæði mjúk plastfilma lituð og glær og hart plast. Plastpokar og filmuumbúðir, sjampóbrúsur, tómatsósufloskur, skyrdósir, jógúrt dósir og aðrar umbúðir úr hörðu plasti. **Plastið þarf að vera án matarleifa.** Mikilvægt er að plastið innihaldi ekki málma eða annað efni heldur sé bara hreint plast.

## Gler:

Í þennan flokk á að fara: Glerumbúðir t.d. krukkur og flöskur sem eru ekki með skilagjaldi. **Ekki má setja í þennan flokk: Postulín og gler sem er ekki umbúðir t.d. brotin glös, diskar, eldföst mót spegla, kristal og annað gler sem ekki telst til umbúða.** Það fer í almennt rusl.

## Málmumbúðir:

Í þennan flokk á að fara: Niðursuðudósir, málmtappar, Álpappír, sprittkertakoppar, málmlok. **Ekki má setja í þennan flokk: raftæki, gaskúta, kolsýruhylki, óhreinir umbúðir, samsettar umbúðir, potta og pönnur.**

## Textíll:

Í þennan flokk á að fara: Fatnaður, lök, handklæði, rúmföt, dúkar, gardínur, tuskur, viskastykki og skór. **Ekki má setja í þennan flokk óhreinan vinnufatnað og sýnileikafatnað.**

## Athugið:

Við viljum biðja ykkur að lesa vel þessar leiðbeiningar og leiðbeiningarnar á og við lúgurnar áður en þið setjið endurvinnsluvörurnar inn, það ætti að koma í veg fyrir ranga flokkun.

Með fyrirfram þökkum.

Sorpsamlag Strandasýslu sími 893 3531

[sorpsamlag@holmavik.is](mailto:sorpsamlag@holmavik.is)